



## **Ferðastyrkur grunnskólanema.**

Reglur vegna veitinga ferðastyrkja. Kjósarhreppur setur sér eftirfarandi reglur vegna ferðastyrkja til grunnskólanema vegna starfs í félagsmiðstöð Klébergsskóla.

### **1.grein**

#### **Styrkveitingin**

Styrkveitingin er háð samþykki sveitarstjórnar ár hvert, og skal koma fram í fjárhagsáætlun sveitarsjóðs. Styrkir eru greiddir út tvisvar á ári eða í lok hvernar annar.

#### Hámarksupphæð styrkja er

fyrir efsta stig kr. 35.000.- á önn,

fyrir miðstig 35.000.- á önn.

### **2.grein**

#### **Markmið**

Markmið styrkjanna er að jafna stöðu nemenda og gera nemendum kleift að sækja uppbyggilegt félagsstarf á frítímum sem fram fer í félagsmiðstöðum.

### **3.grein**

#### **Réttur til framlags**

Réttur til ferðastyrksins eiga þeir foreldrar/forráðamenn grunnskólanema, sem skilgreinast á miðstigi og efsta stigi, sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi og stunda reglubundið félagsstarf á vegum félagsmiðstöðvar að **lágmarki 8 skipti á önn.**

### **4.grein**

#### **Umsókn**

Umsókn skal vera skrifleg á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á [www.kjos.is](http://www.kjos.is) og senda til skrifstofu Kjósarhrepps, með umsókninni skal fylgja staðfesting um að nemandi hafi sótt félagsmiðstöðina reglulega.

Endurnýja þarf umsóknina eftir hverja önn.

Reglur yfir farnar og samþykktar af hreppsnefnd Kjósarhrepps á fundi hennar þann 5. febrúar 2019